



10. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, miðvikudaginn 29. apríl 2020.

Fundurinn var haldinn í Vallarhúsinu að Varmá kl. 18.00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Gunnar Skúli Guðjónsson (GSG), og Erla Edvardsdóttir (EE).

Mættir starfsmenn:

Krístur Kristjánsson (KK) framkvæmdarstjóri.

Dagskrá:

1. Ársfundir deilda:

Fimleikar - 6.5.2020
Frjálssar - 7.5.2020
Hjól - 7.5.2020
Sund - 11.5.2020
Taekwondo - 11.5.2020
Fótbolti - 12.5.2020
Karfa - 13.5.2020
Handbolti - 14.5.2020
Blak - 16.5.2020
Aðalstjórn - 26.5.2020

Brýnt að klára uppgjör svo hægt sé að auglýsa aðalfundi deildanna.

2. Ársfundur Aðalstjórnar

Tillaga um að halda ársfund Aðalstjórnar þann 26.maí samþykkt.

Reynir Ingi og Lára Berglind bjóða sig fram til aðalstjórnar. Jón Júlíusson og Hanna skrifa ársskýrslu Aftureldingar.

3. Hvernig er staðan og hvert er framhaldið.

Birna sagði frá því að hún hafi heyrt í nokkrum formönnum og flestir séu nokkuð jákvæðir og bjartsýnir. Hanna þarf að fylgjast vel með hvort börnin séu að skila sér þegar starfið fer aftur í gang og Krístur kemur til með að senda póst á foreldra/forráðamenn í lok vikunnar, þar sem farið verður yfir takmarkanir o.s.frv. sem verða beðnir um að framfylgja.

4. Sumarlokin á skrifstofu

Krístur kemur til með að ræða við starfsfólk skrifstofunnar um tímasetningu á lokun skrifstofunnar í sumar. Lagt var til að loka í 2 vikur frá 13.-24.júlí og starfsmenn geti lengt sitt frí sitthvorum megin við þá dagsetningu.

5. Lagabreytingar



Ákveðið var að fresta hugsanlegum breytingu á reikningsárinu. Reikningaárið kemur því til með að vera áfram almanaksárið.

Þá var einnig samþykkt að bæta eigi við að ráðningasamninga deilda að þeir taki ekki gildi fyrr en framkvæmdarstjóra hafi undirritað samninginn. Það sama gildir um skriflegar uppsagnir.

6. Önnur mál

Búið er að laga gólfið og mótur fyrir körfurnar í Lágafelli. Krístrún upplýsir formann körfuknattleiksdeildarinnar.

Sóst hefur verið eftir því að Mosfellsbær útvegi fleiri sumarstarfsmenn til Aftureldingar í sumar.

Krístrún ræddi loftgæði á skrifstofunni. Starfsmaður Eflu kom og framkvæmdi mælingar. Ljós eru komin upp í sal 1 og 2, næst á döfunni er að mála hann. Þá á einnig að fara í viðgerði á frjálisþróttavellinum.

Fram til 1.mars borgaði ÍSÍ 80% slysatryggingar og félagið (viðkomandi deild) 20% . Eftir 1.mars þarf hver og einn leikmaður að sjá um sín mál sjálfur, þ.e. fara niður í ÍSÍ og sækja um endurgreiðslur o.s.frv.

Fundi slitlið kl.19:50

Erla Edvardsdóttir ritaði fundargerð.